

AUGLÝSING

um deiliskipulag Suðurtúns í Sveitarfélaginu Álftanesi.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Álftaness samþykkti þann 26. júní 2008 breytingu á deiliskipulagi Suðurtúns á Álftanesi með síðari breytingum.

Deiliskipulagið tekur til svæðis sem afmarkast til austurs af opnu svæði meðfram Norðurnesvegi, til suðurs af íbúðasvæði á miðsvæðisreit, til vesturs af íbúðabyggð við Skólatún og til norðurs af Eyvindarstaðavegi.

Í breytingunni felst að mörkum deiliskipulagsins er breytt vegna aðlögunar við nýtt skipulag „Grænn miðbær á Álftanesi“.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Um leið fellur úr gildi sá hluti deiliskipulags miðsvæðisreits, samþykkt 1. júlí 1999 með síðari breytingum sem ofangreint deiliskipulag nær yfir.

Álftanesi, 2. júlí 2008.

F.h. bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Álftaness,

Pálmi Þór Másson
skrifstofustjóri.